

Hringrás hf
Klettagörðum 9
104 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
25. okt. 2012 8.10.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. október 2012
Tilvísun: UST20111100209/edk

Staðfesting á úrbótum móttækin – máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 21. nóvember 2011 þar sem áformað var að áminna Hringrás hf. fyrir að gildi olíu/fitu, kopars og blýs í frárennsli starfseminnar var yfir leyfilegum mörkum sbr ákvæði 2.7 í starfsleyfi. Hringrás brá þá á það ráð að hreinsa spilliefnaþró sína en grunur lék á að há mæligildi væru tilkomin vegna uppsöfnunar mengunarefna í sandi á botni þróarinnar.


Þann 21. febrúar bárust Umhverfisstofnun nýjar mæliniðurstöður sem sýndu að gildi allra mælipátta nema blýs voru þá innan þeirra losunarmarka sem tilgreind eru í starfsleyfi. Blý mældist 0,17mg/L en starfsleyfi Hringrásar hf. heimilar aðeins 0,1mg/L. Þetta eru óvenju lág mörk fyrir blý, en losunarmörk blýs í nýlegum starfsleyfum til sambærilegra aðila sem meðhöndla spilliefni er 0,2mg. Hringrás hefur því þann möguleika að sækja um nýtt starfsleyfi og með hærri losunarmörkum fyrir blý, og skv. tölvupósti frá rekstraraðila dags. 25. september 2012 hyggst Hringrás gera það.

Hringrás sendi Umhverfisstofnun nýjar mæliniðurstöður 18. september sl. sem sýna að gildi blýs í frárennsli er nú innan þeirra losunarmarka sem tilgreind eru í núverandi starfsleyfi. Frávikið telst því að fullu bætt og eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dagsettu 21. nóvember 2011 er nú lokið af hálfu stofnunarinnar.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur